



EUROPEAN FREE TRADE ASSOCIATION

**RÁÐHERRAFUNDUR FRÍVERSLUNARSAMTAKA EVRÓPU, VADUZ Í  
LIECHTENSTEIN 28. JÚNÍ 2007**

*FRÉTTATILKYNNING*

Ráðherrar EFTA-ríkjanna lýstu ánægju sinni með að lokið væri gerð fríverslunarsamnings við Kanada. Þeir létu þess getið að góður árangur hefði náðst í viðræðum við Samstarfsráð Persaflóaríkja og í starfshópi um sameiginlega hagkvæmnikönnun á vegum samtakanna og Indverja. Þeir lýstu einnig ánægju sinni með að viðræður við Kólumbíu og Perú hefðu farið vel af stað og að undirrituð hefði verið sameiginleg yfirlýsing um samstarf við Mongólíu. Ráðherrarnir sögðu ennfremur gleðilegt að lokið væri viðræðum um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins sem nú nær til Búlgaríu og Rúmeníu. Þeir lögðu áherslu á að mikilvægt væri að ekki yrðu tafir á þátttöku EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að EES, í áætlunum Evrópusambandsins.

Vorfundur Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) með ráðherrum aðildarríkjanna var haldinn í Vaduz í Liechtenstein 28. júní 2007. Í forsæti var Rita Kieber-Beck, utanríkisráðherra Liechtensteins.

**Ívilnandi viðskiptasambönd**

Ráðherrar EFTA-ríkjanna sögðu ánægjulegt að net fríverslunarsamninga á vegum EFTA hefði verið stækkað. Samningarnir þjóna enn vel atvinnurekendum í EFTA-ríkjunum og eru traustur grundvöllur frekari uppbyggingar viðskiptasambanda og samvinnu milli EFTA-ríkjanna og samstarfsríkja þeirra. Ráðherrarnir lýstu einnig sem fyrr ánægju með rekstur Vaduz-samningsins og samstarf innan EFTA.

*Ameríkuríki*

Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni með að lokið skyldi gerð fríverslunarsamnings við Kanada. Kanada er einn af helstu viðskiptaaðilum EFTA-ríkjanna og þess er vænst að samningurinn leiði til frekari vaxtar og aukinnar fjölbreytni í viðskiptum og fjárfestingum milli samningsaðilanna. Ráðherrarnir sögðu einnig ánægjulegt að viðræður um fríverslun við Kólumbíu og Perú hefðu hafist fyrir í mánuðinum og sögðust fullir bjartsýni um að ljúka mætti þeim viðræðum fljótlega.

*Asíuríki*

Ráðherrarnir undirrituðu yfirlýsingu um samstarf við Mongólíu með það fyrir augum að styrkja efnahagssamvinnu og viðskiptasambönd við það ríki.

Þeir vísuðu til þess að það væri forgangsatíði allra EFTA-ríkjanna að efla viðskiptatengsl við helstu viðskiptaríki í Asíu. Ráðherrarnir vísuðu ennfremur til þess að mikilvægt væri að koma á fríverslun við Kína og Japan.

Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni með þann góða árangur sem náðst hefði í viðræðum við ríkin sex sem eiga aðild að Samstarfsráði Persaflóaríkja<sup>1</sup> og sögðust vænta þess að ljúka mætti viðræðunum farsælega, jafnvel fyrir lok ársins. Ráðherrarnir lýstu þeirri von að viðræður um fríverslun við Taílandinga gætu hafist aftur innan tíðar og að þá yrði tekið á tæknilegum atriðum.

Þeir sögðu ánægjulegt hversu vel hefði miðað í starfi starfshóps um sameiginlega hagkvæmnikönnun á vegum samtakanna og Indverja. Von er á skýrslu í nóvember 2007 og niðurstöður hennar munu væntanlega gera kleift að hefja fljótlega viðræður milli Indverja og EFTA-ríkjanna. Ráðherrar EFTA-ríkjanna gátu jákvæðra niðurstaðna sameiginlegrar hagkvæmnikönnunar á vegum samtakanna og Indónesa, en þar er mælt með því að hafnar verði viðræður um völdtækan fríverslunarsamning EFTA-ríkjanna og Indónesíu. Þeir sögðust reiðubúnir að hefja viðræður við Indónesa sem fyrst. Ráðherrarnir lýstu ennfremur áhuga sínum á að efla viðskiptasambönd EFTA-ríkjanna við Malasíu og önnur hugsanleg samstarfsríki í Suðaustur-Asíu.

#### *Evrópa og Miðjarðarhafssvæðið*

Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni með fríverslunarsamning við Egypta, sem var undirritaður í Davos í janúar 2007. Væntanleg gildistaka samningsins við Egypta styrkir grundvöll EFTA-ríkjanna til þátttöku í fríverslunarsamstarfi Evrópuríkja og Miðjarðarhafsríkja. Í þessu tilliti töldu ráðherrarnir einnig góðar líkur á að viðræður um fríverslun við Alsír gætu hafist án frekari tafa. Ráðherrarnir lögðu einnig áherslu á að mikilvægt væri að ríkin á vestanverðum Balkanskaga fengju sem fyrst aðild að hinu sameiginlega uppsöfnunarkerfi Evrópuríkja og Miðjarðarhafsríkja og að EFTA gæti tekið fullan þátt í þeim ferli.

Ráðherrarnir ítrekuðu áhuga sinn á að koma á fríverslun við Rússland og Úkraínu þegar þau ríki öðlast aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Ráðherrarnir tóku fram að EFTA-ríkin væru reiðubúnir að byggja enn frekar upp og efla samvinnu og viðskiptatengsl við ríki í suðaustanverðri Evrópu. EFTA-ríkin hafa nú til athugunar að koma á fríverslunarsamningi við Albaníu.

#### **Samstarf við Evrópusambandið**

Ráðherrarnir sögðu gleðilegt að lokið væri viðræðum um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins með þeim árangri að Búlgarar og Rúmenar ættu nú aðild að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Í þessu tilliti létu ráðherrarnir þess getið að sameiginlega EES-nefndin hefði tekið til starfa á ný og viðhéldi þannig einsleitni á innra markaðnum og góðri framkvæmd EES-samningsins.

Ráðherrarnir lýstu ánægju sinni með góðan árangur sem náðst hefði í rekstri þróunarsjóðs EES og þróunarsjóðs Norðmanna. Um 640 milljónir evra hafa komið til

---

<sup>1</sup> Samstarfsráð Persaflóaríkja: Barein, Kúveit, Óman, Katar, Sádí-Arabía og Sameinuðu arabísku furstadæmin.

úthlutunar í tengslum við auglýsingar eftir verkefnatillögum í 12 af 13 styrkríkjum og gefnar hafa verið út greiðsluskuldbindingar að fjárhæð rúmlega 300 milljóna evra vegna 220 mismunandi verkefna, áætlana og sjóða.

Að því er varðar orkumál og loftslagsbreytingar lögðu ráðherrarnir áherslu á mikilvægi náinnar samvinnu EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að EES, við Evrópusambandið.

Ráðherrarnir minntu á að mikilvægt væri að ekki yrðu tafir á þátttöku EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að EES, í áætlunum Evrópusambandsins og létu þess getið með ánægju hversu vel miðaði undirbúningi fyrir þátttöku EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að EES, á tímabilinu 2007 til 2013 í áætlunum Evrópusambandsins sem falla undir EES-samninginn. Þátttaka í þessum áætlunum stuðlar að eflingu samstarfs á grundvelli EES-samnings utan fjórfrelsis á innra markaðnum og stuðlar þannig að hinum sameiginlegu markmiðum EES-samningsins á sviði stjórnmála og efnahagsmála.

Ráðherrarnir ítrekuðu að mikilvægt væri að EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES, ættu áfram aðild að mótun ákvarðana um lagasetningu og áætlanir á vegum Evrópusambandsins sem varða Evrópska efnahagssvæðið með þátttöku í viðeigandi nefndum og starfshópum og með umsögnum EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES.

Ráðherrarnir sögðust horfa björtum augum til væntanlegrar ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um aðild EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að EES, að Matvælaöryggisstofnun Evrópu og lýstu ánægju sinni með hversu vel hefði miðað að víkka gildissvið EES-löggjafar á sviði dýraheilbrigði þannig að hún tæki til Íslands.

Ráðherrarnir lýstu ánægju með árangur sem náðst hefði við að tengja EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES, við viðskiptakerfi losunarkvóta fyrir gróðurhúsalofttegundir frá janúar 2008.

### **Alþjóðaviðskiptastofnunin**

Ráðherrar EFTA-ríkjanna fjölluðu um stöðu mála í Doha-lotu viðræðna á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og ítrekuðu eindreginn stuðning sinn við þetta fjölbjódlega viðskiptakerfi. Ráðherrarnir lögðu áherslu á að miklu varðaði fyrir efnahag heimsins að góður árangur næðist í viðræðunum sem nú standa yfir og ítrekuðu að þeir væru staðráðnir að stuðla að því með uppbyggjandi hætti.

### **Ráðgjafarstofnanir**

Ráðherrarnir héldu fund með tveimur af ráðgjafarstofnunum EFTA: þingmannanefndinni og ráðgjafarnefndinni. Ráðherrarnir sögðust meta framlag nefndanna mikils og lýstu ánægju með gagnlegt starf þeirra. Nefndirnar sýna starfsemi EFTA virkan áhuga og eiga sem áður árangursríkt samstarf við systurstofnanir sínar í Evrópusambandinu og öðrum samstarfsríkjum EFTA.

### **Skipun aðstoðarframkvæmdastjóra í Brussel**

Ráðherrarnir staðfestu ákvörðun EFTA-ráðsins um að skipa Bergdís Ellertsdóttur aðstoðarframkvæmdastjóra í Brussel. Hún mun hefja störf 1. ágúst 2007.

**Eftirtaldir ráðherrar sátu fundinn:**

*Liechtenstein:* Rita Kieber-Beck, utanríkisráðherra (stýrði fundi)

*Ísland:* Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra

*Noregur:* Dag Terje Andersen, viðskipta- og iðnaðarráðherra

*Sviss:* Doris Leuthard, sambandsráðherra, yfirmaður efnahagsráðuneytis sambandslýðveldisins